

# Reglur og viðurlög vegna tækjanotkunar

## **Tónlistartæki og símar eru í skólatöskunni á kennslutíma.**

Kennarar í unglingadeild geta gefið nemendum leyfi sitt fyrir notkun í kennslustundum. Nemendum unglingadeildar er heimilt að nota tæki á göngum og í matsal í frímínútum en **ekki** í matsal í hádegishléi.

## **Nemendur á yngsta stigi og miðstigi eiga undantekningalaust að geyma tæki í töskunni á skólatíma og hafa slökkt á þeim.**

1. Ef tæki (sími/spjaldtölva/iPod/tölva) er notað án leyfis í kennslustund, fundum eða matsal eru nemendur beðnir um að afhenda tækið starfsmanni, sem setur það í geymslu til loka dags. Atvikið er skráð í dagbók nemanda og birt foreldrum.
2. Ef nemandi afhendir ekki tækið er haft samband við foreldra og þeir beðnir að sækja tækið í skólann.
3. Ef um endurtekin brot á reglunni er að ræða verður haldinn fundur með foreldrum og skólastjórnendum og nánari aðgerðir ræddar.

*Reglur eru samþykktar á starfsmannafundi 13. september 2016*